

**Nd. 135. Nefndarálit**

um frv. til l. um almenn gæðamerki.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þessum.

**BREYTINGUM:**

1. Við 8. gr. Fyrir orðin „konunglegri tilskipun“ og „tilskipun“ komi alstaðar í greininni: reglugerð.
2. Á eftir 8. gr. komi ný gr., er verði 9. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ákveða með auglýsingu, að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningum og samþykktum um vernd iðnaðarréttinda, varðveislu alþjóðamerkja og iðnaðarmáta, alþjóðaskrásetningu verzlunar- og vörumerkja og samþykktum snertandi takmörkun á fölskum upprunaauglýsingum á verzlunarvörum.

Ennfremur veitist ríkisstjórninni heimild til að setja með reglugerð önnur ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg vegna þátttöku í slíkum samningum.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 14. marz 1935.

Finnur Jónsson,            Gísli Guðmundsson,            Jóhann P. Jósefsson.  
form., frsm.                            fundaskrifari.

Páll Þorbjörnsson.            Sigurður Kristjánsson.